

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

08. tbl. • Ágúst 2002

Brýnt að jafna sveiflur í verklegum framkvæmdum

Horfur er á að verulega dragi úr starfsemi verktakafyrirtækja á komandi mánuðum. Lítið er um útbod nýrra verka og hart barist um þau fáu sem boðin eru út. Lokið er nær öllum stórum framkvæmdum sem unnið hefur verið að undanfarin ár og nýjar eru ekki í sjónmáli fyrir einhvern tíma á næsta ári

Verkefnastaða byggingafyrirtækja er því ekki með sama hætti og verið hefur og mörg þeirra sjá ekki fram á verkefni nema nokkrar næstu vikur. Á sama tíma í fyrra voru verkefni fyrirsjáanleg nokkra mánuði fram í tímann. Um þessar mundir vinna starfsmenn bygginga- og jarðvinnufyrirtækja hins vegar langan vinnudag til að ljúka á tilsettum tíma verkum sem í upphafi var skammtaður allt of naumur tími. Brýna nauðsyn ber til að ríki og sveitarfélög taki höndum saman og reyni að gera bragarbót í þessu efni með því að jafna

sveiflur í framboði verkefna.

Til að svo megi verða þurfa ríki og sveitarfélög að horfa lengra fram í tímann en gert hefur verið og vera tilbúin með verkefni sem hægt er að grípa til þegar verkefnastaðan er með þeim hætti sem nú er. Þá ættu fyrirtæki í þessum atvinnugreinum mun auðveldara með að byggja sig upp jafnt og þétt en ekki með þeim áhlaupum sem útkast hafa til þessa.

Framboð verkefna á vegum hins opinbera skiptir sköpum

Atvinnugreinin er mjög háð verkefnaframboði opinberra verkkaupa og því bera þeir nokkra ábyrgð á því hvernig málum er háttað á hverjum tíma. Sé t.d. lítið til húsnæðis í eigu ríkisins má sjá að þar þyrfti víða að taka til hendi. Byggingaverktakar hefðu t.d. gjarnan viljað að slík verkefni væru boðin út í sumar. Það hefði veitt fyrirtækjum og starfsmönnum aukið öryggi og styrkt grundvöll þeirra.

Fyrirtæki í mannvirkjagerð hafa fjárfest mikið á undanföllum árum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að þau þurftu að leggja mikið fé í tæki, aðstöðu og starfsmenn til að geta tekið að sér verkefni sem stóðu til boða. Hætt er við að fjárfestingin nýtist illa eins og nú er í pottinn búið en dæmi eru um að fyrirtæki hafi selt úr landi búnað sem nýtist ekki vegna verkefnaskorts. Þá má einnig búast við að verk- og tækniþekking, sem skapast hefur í slíkum fyrirtækjum á undanföllum, árum glatist þegar verkefni dragast saman í svo ríkum mæli.

Eyjólfur Bjarnason

Meðal efnis:

Lækka þarf vexti meira og hraðar
Ritstjórnargrein 2



Borgarplast hf. tekjur metan úr
Álfsnesi í þjónustu sína 3


Stórfelldar endurbætur á fjölförnum
götum í miðborg Reykjavíkur
Viðtal við Eir Haraldsson í Háfelli 5

Morgunblaðið fær
umhverfisvottun 7



Vika símenntunar haldin í
þriðja sinn 8


EINSTEIN ER SKEMPTUM
...



Lækka þarf vexti meira og hraðar

Umtalsverð stýrivaxtalækkun (0,6%) nú um mánaðamótin er að sjálfsögðu ánægjufni og sérstaklega er gleðilegt að Seðlabanki Íslands skuli ekki taka undir með þeim hagspekingum sem vilja fresta vaxtalækkunum nú til þess að búast til varnar gegn þensluáhrifum væntanlegra virkjana- og stóriðjuframkvæmda. Enn eru vextir hér á landi þó mjög háir. Það sem máli skiptir er að vegna þess hve hratt verðbólgan hefur lækkað hafa raunvextir hér á landi farið hækkandi. Eins og myndin sýnir þurfa stýrivextir að lækka hratt á komandi mánuðum til þess að fyrirbyggja að raunvextir hækki ekki ört á ný. Stýrivextir Seðlabankans eru nú 7,9% samborið við 3,25% stýrivexti Seðlabanka Evrópu.

Barátta við kulnaðan eld

Við erum í þeirri einkennilegu stöðu að Seðlabanki Íslands er enn að berjast við þenslu sem er gersamlega horfin. Samkvæmt síðustu spá Þjóðhagsstofnunarinnar sálugu verður samdráttur hér á þessu ári meiri en áður var áætlað eða 0,8% og að því leyti skerum við okkur úr í samanburði við önnur Evrópuríki. Hins vegar er

vandséð hvernig spá um 2,4% hagvöxt á næsta ári getur ræst að óbreyttu. Sá hagvöxtur á nefnilega að byggjast á aukinni fjárfestingu en sú fjárfesting verður fráleitt í hefðbundnum atvinnurekstri nema fleiri og stærri skref verði stigin í vaxtalækkunum.

Tímabær sameining

Það er ánægjulegt að náðst hefur samkomulag meðal stærstu hluthafa í Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans hf. og Þróunarfélags Íslands hf. um að sameina félögin. Með þessari sameiningu verður til mun öflugra og vonandi betra félag sem ætti að hafa burði til að koma með aukid áhættufjármagn inn í íslensk fyrirtæki.



Þessi tvö félög hafa undanfarin ár verið farvegur fyrir umtalsverðar fjárfestingar stærstu eigendanna sem eru lífeyrissjóðir, fjármálafyrirtæki og félagasamtök en þau hafa fjárfest í atvinnurekstri í gegnum þessi félög þó að með ólíkum hætti sé. ÞFÍ hefur að mestu fjárfest í skráðum félögum en EFA meira í óskráðum. Bæði hafa þessi félög orðið fyrir umtalsverðum áföllum vegna verðhruns á hlutabréfamarkaði undanfarin misseri og eru nú, eins og önnur áhættufjármagnsfyrirtæki, nánast lokuð fyrir öllum nýfjárfestingum. Öll eiga þessi félög fullt í fangi með að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Segja má að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé eini aðilinn sem hefur einhverja tilburði til að takast á við ný verkefni nú um stundir. Þar á bæ hljóta menn að fagna því að fá þetta nýja félag sem vænlegan samstarfsaðila til að efla nýsköpun í atvinnulífinu.

Hagvöxtur morgundagsins

Það er háskaleg staða ef jafnvel vænlegustu sprotafyrirtækin visna og deyja þegar uppsprettur áhættufjármagns þorna upp. Sameining EFA og ÞFÍ ætti að gera lífeyrissjóðum kleift til að beina auknu fjár-


magni í atvinnuuppbyggingu í gegnum félag sem ætti að hafa fjárhagslega og faglega getu til að vinna að þessu verkefni. Þarna er ákaflega mikið í húfi því að sprotafyrirtækin í dag eru þau sem standa eiga undir hagvexti morgundagsins. Vonandi verður niðurstaðan ekki sú að stærra félag telji sig yfir það hafið að þjóna litlum og meðalstórum fyrirtækjum líkt og gerðist í kjölfar sameiningar fjárfestingarlánasjóðanna.

Opinber stuðningur við rannsóknir og þróun

Síðastliðið vor var frestað afgreiðslu frumvarpa um opinberan stuðning við tækniþróun og vísindi. Frumvörpin ganga í daglegu tali undir heitinu Rannísfrumvörpin. Ákveðið var að fresta afgreiðslu þeirra sl. vor til þess að ná um þau meiri samstöðu. Síðan hefur umræðan ekki farið hátt og raunar ekkert verið um þessi mál rætt opinberlega. Vonandi er ekki ætlunin að ráða þessum málum til lykta innan veggja stjórnarráðsins enda er það augljóslega ekki rétta aðferðin til að ná um þau víðtækri samstöðu. Segja má að samtök atvinnurekenda hafi haft tvennt við umrædd frumvörp að athuga. Í fyrsta lagi lá ekki og liggur ekki fyrir nein skýr stefnumörkun um tilganginn og markmiðin með þessum breytingum. Í öðru lagi er allt óljóst um það hvaða fjármagn Tækniþróunarsjóður, sem taka á við hlutverki Tæknisjóðs, muni hafa.

Vonandi verður þess ekki langt að bíða að teknar verði upp viðræður við atvinnulífið um þessar breytingar. Hvað sem öðru líður er ljóst að það er ekki rétti tíminn að loka á opinberan stuðning við rannsóknar- og þróunarstarf þegar framboð á fjármagni frá einkaaðilum á fjármagnsmarkaði hefur gersamlega horfið með hrúni hlutabréfamarkaða.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

08. tbl. Ágúst 2002

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 12.08. 2002

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, e-mail:thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfrádráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðin

á geta heimildar í slíkum tilvikum.

Góður árangur af notkun metans og hauggas við plastframleiðslu

Borgarplast hf. tekur metan úr Álfsnesi í þjónustu sína

Borgarplast hf. á Seltjarnarnesi tók nýlega í notkun brennsluofn sem knúinn er metani en það er unnið úr hauggasi sem myndast við rotnun lífræna úrgangsefna úr sorphaugum Sorpu. Metanið leysir af hólmi olíu sem fram að þessu hefur verið notuð við plastframleiðslu fyrirtækisins. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, gangsetti brennsluofn Borgarplasts að viðstöddum fjölda gesta.

Margþættur ávinningur af notkun innlends orkugjafa

Tilraunir með að brenna metan hafa staðið í Borgarplasti í eitt ár í samvinnu við Metan hf. og VGK Verkfræðistofu hf. með stuðningi iðnaðarráðuneytisins, Orkusjóðs og Átaks til atvinnusköpunar. Markmið verkefnisins var m.a. að auka notkun innlendrar orku og draga þar með úr innflutningi olíu, minnka gróðurhúsaáhrif og bæta vinnuumhverfi starfsfólks Borgarplasts. Ennfremur var ætlunin að vekja athygli fyrirtækja og ráðamanna á möguleikum þess að nota hauggas í iðnaði og víðar.

Guðni Þórðarson, framkvæmdastjóri Borgarplasts, skýrði frá því að niðurstaðan af tilraunum með að kynda ofn Borgarplasts með hauggasi væri sú að það hentaði vel sem orkugjafi fyrir ofn Borgarplasts og vinnuumhverfið hefði batnað að mati starfsmanna. Hann gat þess einnig að allar niðurstöður féllu vel að umhverfisstefnu Borgarplasts og umhverfisstaðlinum ISO 14001 sem fyrirtækið vinnur eftir.

Neðansjávarleiðsla milli Álfsness og Seltjarnarness

Stjórnarformaður Metans hf. dr. Jón Atli Benediktsson, prófessor, sagði tilgang verkefnisins hafa verið tvíþættan, annars vegar að kanna áhrif notkunar metans í stað olíu á vinnuumhverfi starfsmanna Borgarplasts en hins vegar hvort grundvöllur væri fyrir að leggja leiðslu frá Álfsnesi út á Seltjarnarnes í verksmiðju Borgarplasts.

Jón Atli sagði að þróunarverkefnið hefði gengið vel þrátt fyrir ýmsa erfiðleika í byrjun en með íslensku hugviti og verkþekkingu hefði tekist að leysa öll vandamál sem upp hefðu komið. Þá væri ætlunin að kanna nánar hversu hagkvæmt væri að



Ljósmyndari: Hreinn Magnússon

leggja neðansjávarleiðslu beint til Borgarplasts og hugsanlega fleiri fyrirtækja á Reykjavíkursvæðinu. Jón Atli sagði kosti hins umhverfisvæna orkugjafa, metans, koma berlega í ljós í þessu verkefni og mikilvægt væri að halda áfram á þessari braut og nýta sem mest þá orku sem til fellur á urðunarstað Sorpu.

Metankúnar bifreiðar í umferð

Metan hf. var stofnað fyrir þremur árum í þeim tilgangi að hreinsa, dreifa og selja

metan og framleiða orku úr metani og þróa umhverfisvæna orkugjafa. Fyrirtækið setti upp gashreinsistöð í Álfsnesi sem var tekin í notkun fyrir tveimur árum. Samhliða því fjárfestu nokkrir aðilar í bifreiðum sem ganga fyrir metani og bensíni, svonefndum tvíorkubílum. Nú eru um 20 slíkir bílar í umferð og fleiri væntanlegir áður en langt um liður.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Kaupstefna í Perlunni 10. september

Samtök iðnaðarins standa í haust fyrir kaupstefnu félagsmanna sinna í matvælaframleiðslu í Perlunni. Yfirskriftin verður: Matartíminn - Kaupstefna í Perlunni 10. september 2002. Kaupstefnan verður opin frá kl. 11-17.

Matartíminn er faglegur vettvangur til að kynna fagfólki stóreldhúsa og innkaupaaðilum matvæla á Íslandi innlenda framleiðslu og verður hann eingöngu opin fagfólki sem fær send boðskort á viðburðinn. Áhersla verður lögð á að bjóða á kaupstefnuna forráðamönnum skólamötuneyta og annarra stórra mötu-

neyta, matvöruverslana og veitingahúsa og matreiðslumönnum. Auk þess að koma á sambandi milli framleiðenda og kaupenda er annað aðalmarkmið Matartímans að kynna fjölmiðlum fjölbreytni og gæði íslenskrar matvælaframleiðslu.

Vænst er góðrar þátttöku félagsmanna SI en þegar hafa 18 fyrirtæki skráð þátttöku sína. Félagsmönnum, sem ekki hafa þegar skráð sig, er bent á að senda tölvupóst á mottaka@si.is, fax á 591 0101 eða skrá sig í síma 591 0100. Þátttökugjald er 15.000 krónur fyrir hvert fyrirtæki, auk VSK.

Ragnheiður Hédinsdóttir

Opinberir verkkaupar samræma kröfur um gæðastjórnun

Nokkrir helstu opinberu verkkaupar landsins hafa tekið höndum saman um að samræma, að svo miklu leyti sem hægt er, kröfur um gæðastjórnun eins og hún birtist í útboðsgögnum þeirra. Í framhaldi af því munu SI, í samvinnu við þessa verkkaupa, efna til námskeiðahalds í gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir nú í haust.

Hugur verkkaupa

Verkkaupar hafa samið eftirfarandi innangang að námskeiðinu: „Mikið hefur verið ritað og rætt um gæðaáttak í tengslum við þjónustu verktaka og oftsinnis verið hleypt af stokkunum ýmsum átaksverkefnum í þeim tilgangi að bæta rekjanleika vinnuferla og samskipta verkkaupa og verktaka. Enn á ný er blásið til sóknar í þessum málum.

Samtök iðnaðarins hafa á undanförunum árum unnið að gæðamálum með ýmsum hópum innan sinna raða. Til þess að koma þessum málum enn frekar áleiðis og auka sameiginlegan skilning verktaka og verkkaupa á gæðastjórnun hafa Samtökin óskað eftir samstarfi við stærstu opinberu verkkaupana. Þessir aðilar töldu frumkvæði Samtakanna mjög gott og þarft og því var þetta auðsött mál. Verkkauparnir hafa unnið að sameiginlegum markmiðum og áhersluatriðum til þess að ljóst megi vera hver stefnan verður á næstu árum í gæðamálum og hvaða kröfur verða gerðar til verktaka í þeim efnum. Þeirri vinnu er ekki lokið en eftirtalin þrjú atriði eru meðal þeirra sem rætt hefur verið um.

1. Verkkaupar munu innan fárra ára gera auknar kröfur um að verktakar hafi gæðakerfi er byggist á ISO-staðlinum 9001:2000.
2. Mikilvægt er að verktakar geri sér grein fyrir að ekki er hægt að kaupa fullbúin gæðakerfi eða gæðahandbækur af öðrum aðilum. Hvert og eitt fyrirtæki verður að byggja slíkt kerfi upp á eigin forsendum.
3. Verkkaupar munu, að svo miklu leyti sem hægt er, samræma kröfur til verktaka í gæðamálum.
4. Samtök iðnaðarins hafa nú ákveðið að

hvetja verktaka til þess að gera hjá sér gæðaáttak og efna af því tilefni til sameiginlegra námskeiða fyrir verktaka og verkkaupa til að tryggja sama skilning þeirra í þessu efni og að þeir viðhafi sams konar vinnubrögð.

Opinberir verkkaupar innleiða gæðakerfi í starfsemi sína í auknum mæli

Við það gangast þeir m.a. undir kröfur um mat á birgjum og verktökum. Því má ljóst vera að helstu viðskiptavinir þeirra, m.a. ráðgjafar og verktakar, verði krafðir um rekjanleika, skilgreinda vinnuferla og gæðakerfi. Þó skal tekið fram að hér er um langtíma samstarfsverkefni að ræða og allir, sem hlut eiga að máli, gera sér fulla grein fyrir því að innleiðing gæðakerfa og síðar e.t.v. kröfur um vottun munu þurfa að haldast í hendur hjá aðilum markaðarins.“

Fasteignastofa Reykjavíkur
Framkvæmdasýsla ríkisins
Gatnamálastjóri
Innkaupstofnun Reykjavíkurborgar
Landsvirkjun
Orkuveita Reykjavíkur
Ríkiskaup
Siglingastofnun
Vegagerðin

Fyrstu námskeiðin hefjast í haust

Nú er verið að leggja lokahönd á námskeiðsgögn hjá SI og fyrstu námskeiðin verða haldin í september. Áætlað er að hvert námskeið taki u.þ.b. átta klukkutíma. Verkkaupar munu síðan hver í sínu lagi bjóða þátttakendum í heimsókn eftir því hvaða starfsgreinarhópi þeir tilheyra. Þar kynna þeir væntanlega, starfsemi sína, sérkröfur um gæðastjórnun og annað sem þeir vilja leggja áherslu á.

Sameiginlegur tilgangur og markmið

Vinnuhópur þessara aðila hefur orðið sammála um að tilgangur og markmið námskeiðsins sé að:

- fylgja eftir auknum kröfum verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir



- stuðla að samræmdum skilningi hjá starfsmönnum verkkaupa, verktaka og eftirlitsaðila á gagnsemi og notagildi gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir
- auka þjálfun í gerð og notkun gæðatryggingar
- verktakar, verkkaupar og eftirlitsmenn hafi sama skilning á helstu hugtökum gæðastjórnunar
- verktakar og eftirlitsmenn þekki og skilji kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir
- verktakar verði færir um að útbúa eigin gögn í samræmi við kröfurnar
- verktakar þekki sérkröfur verkkaupa í viðkomandi grein
- verktakar skilji, geti afmarkað og sett upp innri eftirlitsáætlun byggða á samnings- og verkþáttarýni
- gæðastjórnun verði raunverulegt verkfæri til skilvirkari verkstjórnunar er leiði til vandaðri og viðhaldsminni mannvirkja

Fyrirtæki innan SI hvött til að nýta tækifærið

Samtök iðnaðarins hvetja fyrirtæki innan SI til að sýna frumkvæði og metnað til að taka upp nútímalega stjórnunarhætti og nýta sér það tækifæri, sem kröfur um gæðastjórnun í útboðum bjóða góðum fyrirtækjum til að sýna fram á yfirburði sína samanborið við keppinautana.

Það á ekki að koma neinum lengur á óvart þótt verkkaupar, hvort sem þeir eru almennir húsbýggendur eða opinberir verkkaupar, vilji fá sönnur á hvers verktakinn er megnugur áður en honum er falið að sýsla með tugi eða hundruð-milljóna króna.

Ferdinand Hansen verkefnisstjóri/
gæðastjórnun í byggingaiðnaði

Eiður Haraldsson í Háfelli tekinn tali

Stórfelldar endurbætur á fjölförnum götum í miðborg Reykjavíkur

Í vor og sumar hefur verið unnið sleitulaust að gagngerum endurbótum á Bankastræti og Skólavörðustíg. Hafist var handa í Bankastræti í mars en nú fer að sjá fyrir endann á framkvæmdunum á Skólavörðustíg en þeim á að vera lokið um næstu mánaðamót. Þótt Reykvíkingar séu ýmsu vanir að sumarlagi í þessum efnunum er það ekki á hverjum degi sem ráðist er í svo viðamiklar og kostnaðarsamar endurbætur á einum fjölförnum götum borgarinnar en kostnaður nemur um 100 milljónum króna auk hönnunarkostnaðar.

Góð samskipti við kaupmenn og vegfarendur

Bláðamanni Íslensks iðnaðar lék nokkur forvitni á að kynna sér hvernig verkinu hefði miðað og hvernig sambúð verktaka, vegfarenda og kaupmanna hefði gengið við þessar aðstæður. Framkvæmd verksins er á hendi Háfells hf. en eigandi þess er Eiður Haraldsson. Hann lætur vel af samskiptum við vegfarendur og fyrirtæki við Bankastræti og Skólavörðustíg. „Haft var samband við eigendur verslana og fyrirtækja áður en framkvæmdir hófust og allt unnið í miklu samráði við þá,“ segir Eiður „og þeir hafa sýnt framkvæmdunum mikinn skilning og það á einnig við um vegfarendur og ber að þakka. Fyrir nokkru sagði dagblað frá því að ógreiðfært væri um Skólavörðustíginn en þá brá svo við að kaupmenn höfðu samband við blaðið og báru fréttina til baka.“

Aldargamlar lagnir endurnýjaðar

„Þessar framkvæmdir eru mjög viðamiklar því að grafa þurfti allt að hálfan annan metra niður á klöpp og skipta um allar lagnir, hvaða nafni sem þær nefnast, frá ofanverðu Bankastræti og Skólavörðustíg upp að Týsgötu. Ekki var orðin vanþörf á því að sumar þeirra voru margviðgerðar en aðrar ónýtar enda voru þær elstu orðnar 100 ára gamlar. Þetta ætti að duga fram á næstu öld þótt yfirborðið þurfi auðvitað að endurnýja jafnt og þétt. Allt hefur þetta gengið slysalaut fyrir sig og sögusagnir um rottugang í kjölfar jarðraskans eiga ekki við nein rök að styðjast.



Reyndar voru bæði starfsmenn og íbúar við öllu búnir í þeim efnunum en að því er ég best veit hefur ekki orðið vart við rottur,“ segir Eiður.

Samskipti verkkaupa og verktaka breyst til batnaðar

Lengst af unnu 20 manns við verkið en fjórar til fimm jarðvinnuvélar og tveir til þrjár vörubílar komu við sögu. „Okkur

finnst gaman að fást við þetta verkefni þótt það sé fremur erfitt stjórnunarlega séð en það er ánægjulegt þegar samskiptin við þá, sem tengjast þessu, eru jafn góð og raun ber vitni. Starfsaðferðir hafa breyst mjög undanfarin ár. Tæknin er betri og verkunnáttan miklu meiri og betur til alls vandað en áður var. Rör og leiðslur eru t.d. nú efnismeiri og vandaðri en áður var en mesta breytingin er þó sú að samskipti verktaka, verkkaupa og eftirlitsmanna eru miklu faglegri og betri en áður var. Nú vinna menn saman að verkefnum í stað þess að eiga í stríði hver við annan.“

Slæm verkefnastaða jarðvinnuverktaka

Eiður heldur því fram að staðan í greininni hafi ekki verið jafn léleg og nú í mörg ár. „Menn hafa stundum kviðið haustinu en nú er slæmt hljóð í þeim. Það hefur ekki gerst í manna minnum að glímt sé við verkefnaskort á þessum árstíma en nú er rætt um uppsagnir. Verkefni á vegum hins opinbera hafa dregist mjög saman, aðeins unnið við Búðarhálsvirkjun og hækkun Þórisvatnsstíflu en allt í óvissu um meiri háttar framkvæmdir sem búist var við á þessu ári.“

Brýn þörf fyrir reglur um útboðsmál

Að sögn Eiðs hefur Félag jarðvinnuverktaka beitt sér fyrir að settar verði reglur um útboðsmál. „Við bindum vonir við að þeir, sem vinna samkvæmt gæðakerfi og sýna þannig hvers þeir eru megnugir, gangi fyrir öðrum þegar slík verkefni eiga í hlut. Okkur finnst aðgengi að útboðum fyrir stór verk alltof opið. Menn þurfa t.d. ekki að eiga nema einn traktor og eina haugsugu til að bjóða í verk hjá Vegagerðinni. Fyrirtæki, sem bjóða í slík verk, ættu að þurfa að sýna fram á að þau hafi til þess fjárhagslega getu og eigi öflugan tækjakost til að valda verkinu. Hér á landi eru u.þ.b. 20 fyrirtæki sem geta boðið í stór verk en markaðurinn er löngu fullmettaður. Í Skotlandi eru t.d. öll stór útboð lokið og aldrei fleiri en 6 fyrirtæki sem bjóða í hvert verk. Eftir því sem ég kemst næst er sami háttur hafður á Norðurlöndum en þar getur ekki hver sem er boðið í verk. Hér stinga alltaf upp kollinum nýjar og nýjar kennitölur, sem hverfa jafnóðum. Þessu þarf að breyta. Þá hefur félagið barist fyrir því að nám í vinnuvélastjórn verði löggilt iðngrein. Það mál gengur hægt en er þó í góðum farvegi.“ segir Eiður.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Þátttaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja í 6. rannsóknáætlun ESB

Sjötta rannsóknáætlun ESB hefst um næstu áramót og búast má við að fyrstu auglýsingar eftir styrkumsóknum verði birtar í október-nóvember á þessu ári. Næstu mánuðir verða notaðir til kynningarstarfs þannig að stofnanir og fyrirtæki, sem ætla að sækja um, verði reiðubúin þegar kallið kemur.



hersla lögð á þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í fyrsta lagi eru 15% af öllu fjármagni, sem ætlað er í áherslusviðin 7 eða 1,8 milljarðar evra, sérmerkt litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Áherslusviðin 7 eru:

- 1) *Erfða- og líftækni á heilbrigðissviði,* 2) *Tækni upplýsingasamfélagsins,* 3) *Örtækni og ný framleiðslu- og efnisækni,* 4) *Flug- og geimtækni,* 5) *Gæði og öryggi matvæla,* 6) *Sjálfbær þróun, hnattrænar breytingar og vistkerfi* og 7) *Tengsl almennra borgara og stjórnvalda í þekkingarsamfélaginu.*

Valkostir lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Í 6. rannsóknáætluninni er sérstök á-

Prentsmiðjan Hjá Guðjónó endurnýjar leyfi til Svansmerkingar

Prentsmiðjan Hjá Guðjónó fékk þann 5. júní sl., á umhverfisdegi Sameinuðu þjóðanna, endurnýjað leyfi til að Svansmerkja prentað efni en Svanurinn er tákn norræna umhverfismerkingarkerfisins. Þess má geta að þá voru nákvæmlega tvö ár liðin frá því að prentsmiðjan hlaut umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 2000.



Prentsmiðjunni Hjá Guðjónó hefur tekist að minnka notkun á isopropanoli, sem notað er við prentun, um nær helming og bæta pappírsmýtingu verulega en aðgerðir af þessu tagi draga jafnframt úr kostnaði.

Prentsmiðjan Hjá Guðjónó notar eingöngu jurталiti við prentun á Svansmerktum vörum og að stórum hluta þvottaefni sem innihalda jurtaolíur. Þetta dregur ekki aðeins úr umhverfisálagi af völdum starfsmennar, heldur tryggir starfsfólki einnig mun heilnæmara starfsumhverfi en svansmerking í prentvinnslu hefur leitt til minni notkunar á kemískum efnum og umhverfisvænni framleiðslu innan prentiðnaðarinnar.

Þá má geta þess á að erlendir sérfræðingar í umhverfismálum, sem voru staddir hér í byrjun apríl og heimsóttu bæði Guðjónó og Morgunblaðið, voru sammála um að umhverfisstefna íslensku prentsmiðjanna væri til fyrirmyndar og áttu varla orð yfir það hreina og vistlega starfsumhverfi sem við blasti.

Haraldur Dean Nelson

Prentsmiðjan Hjá Guðjónó fékk fyrst Svaninn í ársbyrjun 2000 en þar sem skilyrðin fyrir að fá Svaninn eru hert á nokkurra ára fresti þurfti prentsmiðjan að endurskoða starfsemi sína og laga framleiðsluna að enn strangari skilyrðum norræna umhverfismerkisins en skilyrðin eru hert í takt við framþróun á sviði umhverfismála í prentiðnaðinum. Í skilyrðum Svansins eru gerðar kröfur sem ná til allra þátta prentunarinnar.

Þar sem umhverfisáhrif pappírframleiðslu eru veruleg eru gerðar strangar kröfur um að pappírinn, sem notaður er í svansmerkt prentverk, sé umhverfismerktur eða standist þær kröfur sem Svanurinn gerir til pappírinsins.

Þar að auki eru 430 milljónir evra ætlaðar í sértækar aðgerðir fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki. Þær skiptast í þrenns konar verkefni:

- 1) **CRAFT eins og verið hefur.** Nokkur lítill og meðalstór fyrirtæki sameinast um að leysa tiltekið tæknilegt vandamál. Rannsóknastofnun vinnur tæknivinnuna en fyrirtækin eiga og nýta niðurstöðurnar. Í CRAFT eru ætlaðar 230 milljónir evra.
- 2) **Collective Research (CR).** Fyrirtækjasamtök í fleiri en einu landi taka sig saman um að láta rannsóknastofnanir leysa verkefni til hagsbóta fyrir stóra hópa fyrirtækja eða heilar iðngreinar í samvinnu við stýrihóp fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á að koma niðurstöðum í gagnid úti í fyrirtækjunum. Í þess háttar verkefni eru frátekna 160 milljónir evra.

- 3) **Economic and Technological Intelligence (ETI)** eru stuðningsaðgerðir sem miða að því að safna, vinna úr og dreifa upplýsingum sem eru áhuga-verðar fyrir SME, t.d. um þróun markaða og tækniframfarir. Þátttakendur í þessum verkefnum verða samtök iðnfyrirtækja eða atvinnugreina, svæðisbundnar þróunarskrifstofur, verslunarráð og landstengiliðir rannsóknáætlana (National Contact Points). Til þessa flokks eru ætlaðar 40 milljónir evra.

Smáfyrirtækjadagar í Leeds 26.-27. september

Á ráðstefnu, sem haldin verður í Leeds í Englandi 26.-27. september nk., verða kynnt ítarlega þau tækifæri sem 6. rannsóknáætlunin veitir fyrirtækjum. Þar munu innstu koppar í búri framkvæmdastjórnar ESB útskýra aðkomu fyrirtækja að áætluninni og hvernig best er að búa sig undir þátttöku. Þar verður einnig lýst reynslu þeirra sem tekið hafa þátt í fyrri áætlunum og hvernig best er að bera sig eftir upplýsingum og aðstoð við umsóknir í aðildarlöndunum. Ráðstefnan er ætluð litlum og meðalstórum fyrirtækjum, fyrirtækjasamtökum, stofnunum, sem vinna með litlum og meðalstórum fyrirtækjum og landstengiliðum við rannsóknáætlunina. Lítill og meðalstór fyrirtæki fá afslátt af þátttökugjaldi. Allar nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á vefnum www.days4smes.org.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Morgunblaðið fær umhverfisstjórnun



F.v. Halla Jónsdóttir (löntæknistofnun), Kjartan Kárason (Vottun), Styrmir Gunnarsson (ritstjóri Mbl), Ólafur Brynjólfsson (umbverfis- og gæðastjóri Mbl), Haraldur Sveinsson (formaður stjórnar Árvakurs og umbverfisráðs Mbl), Siv Friðleifsdóttir (umbverfisráðherra), Hallgrímur Geirsson (framkvæmdastjóri Mbl), Örn Jóhannsson (skrifstofustjóri Mbl) og Margrét Kr. Sigurðardóttir (markaðsstjóri Mbl)

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra afhenti 5. júlí síðastliðinn Árvakri hf., útgáfufélagi Morgunblaðsins, staðfestingu á því að fyrirtækið uppfyllir alþjóðlega umhverfisstaðalinn ISO 14001. Þar með er Árvakur þriðja íslenska fyrirtækið sem hlýtur þessa staðfestingu en áður hafa fyrirtækin ÍSAL og Borgarplast fengið vottun samkvæmt staðlinum en talið er að 30 til 40 þúsund fyrirtæki í heiminum uppfylli staðalinn.

Fyrirtækið Vottun ehf. gerði úttekt á Morgunblaðinu og Kjartan Kárason, framkvæmdastjóri Vottunar, sagði að staðallinn segði til um að umhverfisstjórnun væri þáttur í rekstri fyrirtækisins. Að sögn Kjartans þarf fyrirtækið að kanna áhrif starfsemi sinnar á umhverfið og setja sér reglur um að draga úr óæskilegum áhrifum á það. Í kjölfar þess þarf fyrirtækið að fylgjast með þeim árangri sem næst og bæta úr ef með þarf til að ná enn betri árangri í framtíðinni.

Fylgja þarf staðlinum eftir í framtíðinni

Umhverfisráðherra sagðist fagna þessu framtaki Morgunblaðsins og sagði að þetta skref væri bæri vott um mikla framsýni. Siv kvaðst vera stolt af Morgunblaðinu og benti á að það væri ekki á hverjum degi sem fyrirtæki á Íslandi tæki upp jafn viðamikinn staðal og ISO 14001.

Siv lagði áherslu á að staðallinn væri strangur og fyrirtæki þyrftu því að grandskoða umhverfismál sínum en ekki væri nóg að fullnægja staðlinum heldur þyrfti einnig að fylgja honum eftir í framtíðinni. Siv sagði að fyrirtæki á Íslandi væru almennt að vakna til vitundar um umhverfismál sín og miðað við þær úttektir, sem hún þekkti til, taki fjölmörg íslensk fyrirtæki upp einhvers konar umhverfisstjórnunarkerfi á næstu árum. Siv lét þess m.a. getið að ISO14001 staðallinn væri svo viðamikill að hann hentaði ekki litlum fyrirtækjum en til væru umhverfisstjórnunarkerfi og leiðbeiningar sem nýttust þeim betur. Hún nefndi einnig að fyrirtæki hafi unnið sér rétt til að taka upp norræna umhverfismerkið, Svaninn, en meðal þeirra eru sápuverðin Frigg, Guðjón Ó prentsmiðja og sápuverðin Undri.

Allt kapp lagt á að draga úr áhrifum á umhverfið

Að sögn Haraldar Sveinssonar, stjórnarformanns Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins, leggja stjórnendur Morgunblaðsins áherslu á að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að umhverfisáhrif af starfsemiinni verði sem minnst og með tilkomu nýrrar prentsmiðju er ætlunin að gera enn betur. Unnið hefði verið að þessu verkefni í rúm tvö ár en Ólafi Brynjólfssyni, umhverfisstjóra Morgunblaðsins, var falið að hafa forystu um framkvæmd verkefnisins.

Breytingar í vinnslu blaðsins til mikilla bóta

Árvakur hefur mótað sér umhverfisstefnu svo og framkvæmdaáætlun sem fylgir stefnunni eftir. Að sögn Ólafs bera nokkrir starfsmenn ábyrgð á að markmiðum sé framfylgt og einnig eru sett tiltekin tímamörk. Á síðasta ári hafði fyrirtækinu t.d. tekist að minnka sorp um nær 100 tonn eða úr 183 í 84 tonn á tveimur árum. Með tilkomu nýrrar tölvutækni í maí 1999 var filmunotkun hætt og blaðið lýst beint á prentplötur. Nær allar fréttaljósmyndir Morgunblaðsins eru nú teknar á stafrænu formi en þessar breytingar í vinnslu blaðsins haft mjög góð umhverfisleg áhrif þar sem mjög hefur verið dregið úr notkun framköllunarvökva, disklinga og pappírs. Í framkvæmdaáætlun er einnig stefnt að því að fá leyfi til að nota norræna umhverfismerkið, Svaninn, draga úr notkun skrifpappírs, kanna kosti þess að kaupa bíla sem brenna metangasi, athuga leiðir til að draga úr rafmagnsnotkun og að tölvur öðlist framhaldslif, svo að nokkur dæmi séu nefnd. „Við erum að huga að innkaupum okkar, hvaða efni við notum í starfsemiinni og hvernig við komum því frá okkur sem af gengur,“ sagði Ólafur og benti á að allt fyrirtækið hlýti þessa vottun en ekki eingöngu prentsmiðjan.

Haraldur Dean Nelson

Vika símenntunar haldin í þriðja sinn

Vika símenntunar verður haldin dagana 8.-14. september nk. Vikan, sem er á vegum menntamálaráðuneytisins, er nú haldin í þriðja sinn hér á landi og sér Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla um skipulagningu og framkvæmd hennar í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar um land allt.

Þema Viku símenntunar að þessu sinni er símenntun í atvinnulífinu og er því beint til allra þeirra sem taka þátt í atvinnulífinu hvort sem um er að ræða stjórnendur eða almenna starfsmenn; allra sem vilja auka þekkingu sína og verða þannig hæfari starfskraftar sér og öðrum til framdráttar. Áhersla verður einnig lögð á almenna hvatningu og kynningu á mikilvægi símenntunar fyrir almenning. Að auki munu Íslendingar taka þátt í samnorrænu verkefni í tengslum við Viku símenntunar, sem tengist lýðræði og hlut símenntunar í virkri þátttöku fólks í samfélaginu.

Fjölbreytt dagskrá við allra hæfi

Dagskrá Viku símenntunar verður fjöl-



breytt. Nefna má námskynningar, sérstakan símenntunardag í fyrirtækjum, málþing, og fræðsluhátíð. Námsframboð á Íslandi verður gert sýnilegt á margvíslegan hátt í samstarfi við þá sem bjóða nám eða fræðslu. Sunnudaginn 8. september opnar Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, Viku símenntunar við hátíðlegt tækifæri á Hofsósi. Opnunin verður í tengslum við LearnCom, verkefni sem styrkt er af Leonardó áætluninni og miðar að því að efla sjálfstraust og samheldni í samfélögum sem átt hafa undir högg að sækja vegna breytinga á hefðbundnum atvinnuháttum. Ísland tekur þátt í verkefninu ásamt fjórum öðrum löndum. Málþing verður haldið á Hótel Loftleiðum miðvikudaginn 11. september. Aðalfyrirlesari málþingsins er Alan Tuckett, forstöðumaður Niace

stofnunarinnar á Bretlandi sem sérhæfir sig í símenntun og fullorðinsfræðslu en þess má geta að Alan Tuckett er oft nefndur „faðir“ hugmyndarinnar að Viku símenntunar í Evrópu, sem haldin er víða um heim.

Mikilvægur þáttur átaksins er Símenntunardagur í fyrirtækjum þar sem fyrirtæki eru hvött til þess að tileinka 12. september fræðslumálum starfsmanna. Þann dag er gert ráð fyrir að fyrirtæki nýti til að kynna starfsmönnum sínum möguleika á símenntun.

Laugardaginn 14. september verður haldin fræðsluhátíð í Smáralind þar sem námsframboð verður kynnt, bæði í kynningarbásum og með lifandi kynningum, auk almennrar kynningar á möguleikum til símenntunar.

Starfsmenntaverðlaunin 2002 verða á ír afhent í Viku símenntunar, föstudaginn 13. september. Forseti Íslands afhendir verðlaunin en þau eru veitt þeim sem eru að vinna framúrskarandi starf í starfsmenntun.

Á vefsíðu Viku símenntunar, www.mennt.net/simenntun má finna upplýsingar um átakið og ýmsan fróðleik tengdan símenntun.

Hópfærd á prentsýninguna IPEX í Birmingham

Í vor gengust Samtök iðnaðarins fyrir hópfærd á prentsýninguna IPEX í Birmingham líkt og þau hafa gert undanfarin ár en IPEX er önnur stærsta fagsýningin fyrir prentiðnaðinn (ásamt Drupa) og er hún haldin fjórða hvert ár.

Markviss og gagnleg

Í ár var sýningin haldin dagana 9.-17. apríl og voru gestir um 65.500 sem er rúmlega 70% af þeim fjölda sem sótti sýninguna þegar hún var haldin síðast, árið 1998. Hins vegar fjölgaði þátttakendum utan Evrópu og þátttakendum frá Suðaustur-Asíu fjölgaði t.d. um 150%.

Þrátt fyrir heildarfækkun gesta voru flestir sammála um að sjaldan eða aldrei hefði sýningin verið markvissari og gagnlegri. Þeir sýnendur, sem undirritaður talaði við, voru hæstánægðir með sýninguna og töldu fækkun gesta ekki endilega

vera af hinu verra. Þeir sögðust hafa meiri tíma til að sinna gestum sínum og töldu að meira hefði áunnist með þessari sýninguna en flestum öðrum enda væri hún sú stærsta hingað til í fermetrum talið, haldin í 15 höllum og sýnendur á annað þúsund.

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaaðilum IPEX hafa um 70% sýnenda í ár nú þegar lýst yfir áhuga á að taka þátt í undirbúningi fyrir næstu sýningu, árið 2006.

Íslenskir gestir hæstánægðir

Íslenskir gestir á sýningunni voru um 40 talsins frá öllum helstu prentsmiðjum landsins en einnig var nokkur hópur að störfum á sýningunni. Þeir Íslendingar, sem undirritaður talaði við eftir sýninguna, voru allir sammála um að hún hefði skilað þeim því sem þeir sóttust eftir og meira til, bæði viðskipta- og þekkingarlega séð.

Nánari umfjöllun um IPEX má finna í

fréttabréfi Prentteknistofnunar, Hinni svörtu list (júníblaði 2002), svo og á vefsetri IPEX, www.ipex.org.

Haraldur Dean Nelson

